

## Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Lagðar fram fyrir ársfund sjóðsins sem haldinn verður föstudaginn 17. maí 2019.

### Breyting á 10. gr. samþykktanna. Hálfur lífeyrir.

#### **10. gr. Ellilífeyrir**

Grein 10.1 verði óbreytt.

**10.2** Sjóðfélagi sem valið hefur leið I, sbr. gr. 9.1, getur flýtt töku ellilífeyris úr samtryggingardeild fram til 65 ára aldurs eða frestað töku ellilífeyris fram til 80 ára aldurs og en þá lækkar þá eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu 5 í viðauka. Sjóðfélagi sem hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr samtryggingardeild getur ákveðið að hefja töku lífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 10.1.

**10.3** Sjóðfélagi sem valið hefur leið II, sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálf lífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 75 ára aldur. Við 75 ára aldur hefst taka hálf lífeyris úr samtryggingardeild og lýkur við 80 ára aldur. Telst sjóðfélagi þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 10.1. Fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris vegna þess hluta sem frestað er frá 75 ára aldri hækkar í samræmi við töflu 6 í viðauka.

**10.4** Sjóðfélagi sem valið hefur leið III, sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálf lífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 80 ára aldur.

**10.5** Sjóðfélagi sem valið hefur leið IV, sbr. gr. 9.1, og hefur ekki hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign getur ákveðið að hefja töku lífeyris úr bundinni séreign í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka hálf lífeyris úr bundinni séreign samkvæmt þessari grein lýkur við 80 ára aldur.

**Skýring:** Samkvæmt nýlegum breytingum á almannatryggingalögum er heimilt að greiða hálfan áunninn ellilífeyri úr almannatryggingum frá 65 ára aldri til þeirra sem eiga rétt á ellilífeyri frá lífeyrissjóði. Í þessu felst að unnt er að fá hálfan lífeyri greiddan bæði hjá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og fresta töku hins helmingsins. Breytingartillagan tekur mið af þessum lagabreytingum.

#### **Ákvæði til bráðabirgða:**

I.

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku eftirlauna getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, lækkað hlutfall eftirlauna í 50%. Skal þá tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð eftirlauna enda gilda ekki ákvæði 10.2 og 10.3 í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki og þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 10.2 og 10.3.